

Á
R
S
S
K
Ý
R
S
L
A

2022



Inngangur

Stofnað var til Fjölsmiðjunnar á Suðurnesjum ses á stofnfundi í Reykjanesbæ 7. september 2010. Stofnaðilar voru Rauði kross Íslands, Reykjanesbær, Vinnumálastofnun, Suðurnesjadeild Rauða krossins, Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur og nágrennis, Verslunarmannafélag Suðurnesja og Félag iðn- og tæknigreina. Í þessari skýrslu er gert grein fyrir rekstri sjálfseignastofnunarinnar á árinu 2022.

Markmið og tilgangur

Markmið Fjölsmiðjunnar á Suðurnesjum eru skilgreind í skipulagsskrá hennar en þar kemur eftirfarandi fram:

Markmið Fjölsmiðjunnar er að:

- *Hjálpa ungu fólki á aldrinum 16-24 ára að finna sitt áhugasvið, öðlast starfsreynslu og þar með auka möguleika þess í atvinnulífinu eða í námi.*
- *Gefa kost á hagnýtri vinnu, framleiðslu og fræðilegri þjálfun. Fagleg verkþjálfun skal vera ríkur þáttur í starfseminni og tengjast hinni hagnýtu vinnu og auka félagshæfni og vinnufærni ungs fólks.*
- *Efla sjálftraust hjá ungu fólki til að það sé betur í stakk búið að takast á við margbreytileg verkefni lífsins.*
- *Auka lífsgæði ungs fólks.*
- *Þátttaka í Fjölsmiðjunni verði hvatning að frekara námi.*
- *Þátttakendur læri reglur vinnumarkaðarins, hvaða réttindi þeim ber og hvaða skyldur þeir bera.*

Stjórn, framkvæmdaráð og starfsmenn

Í stjórn Fjölsmiðjunnar frá ársfundi 2022 voru

- Hera Ósk Einarsdóttir, formaður
- Fanney Grétarsdóttir, meðstjórnandi
- Guðbjörg Kristmundsdóttir, meðstjórnandi
- Guðrún Björg Sigurðardóttir, meðstjórnandi
- Hildur Jakobína Gísladóttir, meðstjórnandi
- Kristján Ásmundsson, meðstjórnandi
- Bjarney Rós Guðmundsdóttir, varamaður
- Guðlaug M. Pálsdóttir, varamaður
- Guðlaug Sigurðardóttir, varamaður
- María Rós Skúladóttir, varamaður
- Ólafur S. Magnússon, varamaður
- Unnur Sverrisdóttir, varamaður

Stjórn skipar framkvæmdaráð sem starfar með forstöðumanni og fundar á milli funda stjórnar. Guðrún Björg Sigurðardóttir, Hera Ósk Einarsdóttir og Hildur Jakobína Gísladóttir skipuðu framkvæmdaráð Fjölsmiðjunnar.

Í lok árs 2022 voru starfsmenn Fjölsmiðjunnar á Suðurnesjum eftirtaldir:

- Þorvarður Guðmundsson, forstöðumaður í 100% starfi
- Sigurgeir G. Tómasson, verkstjóri í 100% starfi
- Carter Don Medico, verkstjóri í 100% starfi
- Laura Alves, verkstjóri í 100% starfi

Regluleg starfsemi

Starfsemi Fjölsmiðjunnar gekk vel á árinu og er kominn nokkur festa í vinnulag og verkferla innan húss. Á hverju ári höfum við unnið að breytingum í því skyni að nýta húsnæðið enn betur. Á þessu ári var farið í róttækar breytingar á setustofu nema og skrifstofu forstöðumanns og verkstjóra. Rými sem áður var skrifstofa forstöðumanns var breytt í setustofu nema og þurfti þá að flytja hringstigann. Þar sem setustofan var er nú komið gott rými til að fara í gegnum smávörur, þrifa þær og verðmerkja áður en þær fara í sölu í Kompunni. Allar breytingar innan húss eru unnar af verkstjórum Fjölsmiðjunnar ásamt nemum.

Líkt og áður var megináhersla lögð á framsetningu vara í Kompunni og leitað allra leiða til að auka söluna þar enda er það stærsta tekjuöflun Fjölsmiðjunnar. Segja má að Kompan njóti vinsælda og hefur sú mikla aukning íbúa í Reykjanesbæ bæst í viðskiptavinaflóruna og því aukið söluna. Kompan er enn burðarás í rekstri og starfsþjálfun Fjölsmiðjunnar enda flestir nemar sem útskrifast fara í ver slunartengd störf.

Sendi- og flutningaþjónustan gengur vel og voru farnar hátt í 1600 sendingar á báðum sendibílunum. Minni bíllinn er notaður aðallega í minni flutninga og til að selflytja starfsmenn þegar unnið eru utan Fjölsmiðjunnar, eins og í búslóðaflutningum og við slátt hjá Kölku.

Reiðhjólaverkstæðið er gott starfsþjálfunarverkefni og gekk það nokkuð vel á árinu. Það var þó sjónarsviptir þegar verkstjórinn sem hafði séð um uppbyggingu þess og rekstur hætti störfum og tóku þá nemar sem höfðu nú öðlast viðhlýttandi þekkingu að sér reiðhjólaverkstæðið undir stjórn annars verkstjóra sem þegar hafði nóg á sinni könnu. Þetta er gott dæmi um að starfsþjálfunin skilar árangri.

Að auki sjá nemarnir um öll þrif, tiltektir, matseld og fleira sem til fellur ásamt verkstjórum.



VIRKNI – VIRÐING - VON

Nemar

Á árinu 2022 voru 35 nemar við störf í Fjölsmiðjunni. Kynjaskiptingin var 7 stelpur og 28 strákar. Að auki var einn nemi skráður í Fjölsmiðjuna en var við störf á öðrum vettvangi og var það að beiðni félagsþjónustu viðkomandi sveitarfélags.

Afdrif nema voru með eftirfarandi hætti að 10 nemar fóru til vinnu á almennum vinnumarkaði og nutu þau langflest aðstoðar forstöðumanns við undirbúning atvinnuumsóknar. Í árslok voru 9 af þessum 10 enn í vinnu og höfðu sum þeirra flutt sig um set.

Sex nemar hættu störfum og var það m.a. vegna flutninga eða vegna þess að úrræðið hentaði þeim ekki. Það er alltaf svo að úrræði í Fjölsmiðjunni hentar ekki einhverjum. Margt getur komið þar til en reynslan hefur sýnt að sumir þessara nema koma aftur síðar þegar þau eru betur stödd í lífinu. Á árinu voru 11 nemar í skóla og verður að segjast að þetta háa hlutfall nema í skóla og gengi þeirra þar er góður merkisberi Fjölsmiðjunnar á Suðurnesjum.

Tíu nemar stunduðu ökunám og luku þrjú þeirra ökunámi á árinu. Gott samstarf er við ökuskólana og ökukennarana.

Skipting nema

Skipting nema milli samstarfsaðila var þannig að 26 komu frá Reykjanesbæ, 7 komu frá Suðurnesjabæ, 1 kom frá Vinnumálastofnun og 1 kom úr Vogunum.

Viðburðir utan hefðbundinna starfa

Í byrjun júní var farið vorferð til Reykjavíkur þar sem fyrst var farið heimsókn í Hallgrímskirkju, þaðan lá leiðin í Paintball í Skemmtigarðinum í Gufunesi. Að lokum fórum við út að borða í Mathöllinni Höfða. Áætlað var að fara ferð til Reykjavíkur síðasta dag fyrir jólafrí en því miður féll sú ferð niður vegna óveðurs og í staðinn var farið í snemmbúið jólafrí.

Nemar Fjölsmiðjunnar hafa alltaf kynnt sig og Fjölsmiðjuna vel með framúrskarandi góðri framkomu og kurteisi í öllum þeim ferðum sem farnar hafa verið. Þessar ferðir eru m.a. kostaðar af þeim sjóði sem kemur í sparibauk á afgreiðsluborði, sölu á dósnum og öðrum gjöfum frá einstaklingum.

Í nóvember tókum við þátt í Virknipingi Suðurnesja og kynntum þar starfsemina okkar. Þessi vettvangur er mjög mikilvægur og tókst mjög vel.



VIRKNI – VIRÐING - VON

Samstarfsaðilar

Fjölsmiðjan á Suðurnesjum er í góðu sambandi og samstarfi við marga aðila. Helstu samstarfsaðilarnir eru félagsþjónusta Reykjanesbæjar, félagsþjónusta Suðurnesjabæjar og Voga og Vinnumálastofnun. Gott samstarf er við Fjölbrautaskóla Suðurnesja, Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum, Rauða krossinn og fleiri aðila. Forstöðumenn Fjölsmiðjanna á landinu hafa með sér óformlegt samstarf. Reglulega fáum við gesti frá áhugasömum aðilum sem vinna á þessu sviði og vilja kynna sér hvernig við berum okkur að og sjá hvernig Fjölsmiðjan virkar.

Helstu styrktaraðilar Fjölsmiðjunnar á Suðurnesjum eru Vinnumálastofnun, Reykjanesbær, Mennta- og barnamálaráðuneytið, Suðurnesjabær og Sveitarfélagið Vogar. Allir þessir aðilar leggja Fjölsmiðjunni til árlegt rekstrarfé. Þá hefur Fjölsmiðjan notið þess að fá árlega styrk frá VIRK.

Sorpeyðingarstöð Suðurnesja, Kalka hefur allt frá stofnun stutt ötullega við rekstur Fjölsmiðjunnar. Þessi stuðningur er svo sannarlega mikilvægur fyrir starfsemina og alls ekki sjálfsagður. Samstarf við Kölku hefur aukist og er samvinnan góð. Þar að auki nýtur Fjölsmiðjan velvilja almennings sem gefur muni til Kompunnar auk þess sem aðrar gjafir berast reglulega frá vildarvinum.

Samantekt

Starfsemi Fjölsmiðjunnar hefur fest sig rækilega í sessi og ætti öllum að vera ljóst mikilvægi hennar. Sýnilegi hluti starfseminnar er Kompan og sendibíllinn auk reiðhjólaverkstæðisins. Hinn hlutinn sem ekki er eins sýnilegur og mörgum ókunnur er það uppbyggingarstarf sem sinnt er með nemum Fjölsmiðjunnar. Reynt er að mæta hverjum nema í samræmi við stöðu hans og getu. Þannig er starfsemin í raun einstaklingsmiðuð og hefur það reynst happadrjúgt. Þau tíu sem útskrifuðust á árinu eru gott dæmi um það uppbyggingarstarf sem við sinnum. Hver og einn fær að fara á sínum hraða og taka sín framfaraskref, stór sem smá.

Helstu verkefni ársins 2022 var að halda áfram uppbyggingu og þróun Fjölsmiðjunnar. Helsta áskorunin er að hafa verkefni sem henta þeim nemum sem starfa hjá okkur hverju sinni. Reiðhjólaverkstæðið eykur þessa fjölbreytni. Þá er sífellt verið að vinna að innanhúss breytingum og úrbótum og taka nemarnir fullan þátt í þeirri vinnu með verkstjórum. Fjölbreytni í starfsþjálfun er eitt af því sem sífellt þarf að vera í endurskoðun.

Á árinu fékk Fjölsmiðjan styrki frá félagasamtökum til að kaupa vinnufatnað fyrir starfsfólkið. Þá fór forstöðumaður á nokkra fundi og hélt kynningar á starfsemi Fjölsmiðjunnar.

Nemahópurinn hefur verið að yngjast og kemur það helst til af því að meira er um snemmtæka íhlutun hjá félagsþjónustum svæðisins auk þess sem foreldrar eru upplýstir um starfsemi og kosti Fjölsmiðjunnar og leita þá fyrr að þessu úrræði fyrir börn sín. Áhrif fjölmenningar svæðisins skilar sér inn í Fjölsmiðjuna og eru nemarnir af fleiri þjóðernum en áður. Í fyrsta sinn var tekið á móti fylgdarlausum börnum og gekk það vel. Helst er að tungumálaerfiðleikar séu fyrirstaða fyrir framförum.

Sú þróun sem hefur verið í menntun Fjölsmiðjunema hefur reynst farsæl og er samstarfið við menntastofnanir á svæðinu mjög gott. Sá mikli fjöldi nema sem stundar nám er mjög mikilvægur og til fyrirmyndar. Þessum fjölda fylgir meira ut anumhald og aðstoð við nemana.

Styrkir hafa ekki aukist í samræmi við fastan kostnað og er það áhyggjuefni. Samningur við mennta- og barnamálaráðuneytið er laus og hefur verið undanfarin ár en hefur verið framlengdur með viðauka frá ári til árs.